

## T I L L A G A

### að starfsreglum um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíðóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Stefán Magnússon.

### I. kafli. Hlutverk, aðild og skipan úrskurðarnefndar.

#### *Hlutverk.*

##### 1. gr.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar skal úrskurða í málum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða þegar starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um agabrot eða annað brot í starfi.

Með ágreiningi á kirkjulegum vettvangi er átt við ágreining sem varðar með einhverjum hætti kirkjulegt starf eða starfsemi á vegum kirkjunnar.

Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varða ráðningar og starfslok starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

#### *Aðild.*

##### 2. gr.

Allir, sem hagsmuna eiga að gæta, geta borið mál undir úrskurðarnefnd.

#### *Nefndarskipan.*

##### 3. gr.

Úrskurðarnefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður af biskupi Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Tveir nefndarmenn skulu kosnir af kirkjuþingi. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Formaður og varaformaður skulu uppfylla hæfisskilyrði héraðsdómara en einn nefndarmanna skal hafa þekkingu og reynslu af málefnum þjóðkirkjunnar. Sama gildi um varamenn þeirra. Nefndarmenn skulu ekki vera fastráðnir starfsmenn þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefnd er heimilt að fara þess á leit að kvaddir verði til tveir sérfróðir menn við meðferð einstakra mála. Skal annar þeirra tilnefndur af nefndinni en hinn af biskupi Íslands.

Þóknun nefndarmanna er greidd samkvæmt ákvörðun kjaranefndar þjóðkirkjunnar.

## II. kafli. Málsmeðferð.

*Upphaf máls.*

4. gr.

Erindi til úrskurðarnefndar skal berast nefndinni innan tveggja ára frá því að kostur var á að koma því á framfæri við nefndina. Úrskurðarnefnd getur vikið frá ofangreindum tímafresti telji nefndin rök standa til þess og skal þá m.a. litið til þess hvort málshefjandi hafi fylgt máli eftir.

Beiðni til úrskurðarnefndar um úrlausn skal vera undirrituð og málsmeðferð fyrir nefndinni skal að jafnaði vera skrifleg. Í beiðni skal koma fram hver sé málshefjandi, málsatvik, kröfur málshefjanda og röksemdir fyrir beiðni. Erindi málshefjanda skulu fylgja sönnunargögn þau sem á er byggt. Úrskurðarnefndinni er heimilt að ákveða að beiðni um úrlausn skuli skilað á sérstöku eyðublaði sem nefndin lætur útbúa.

Nú berst úrskurðarnefndinni beiðni um úrlausn innan frests sbr. 1. mgr. og metur nefndin þá annars vegar hvort úrlausnarefnið heyri undir hana, sbr. 1. gr. og hins vegar hvort málshefjandi teljist eiga hagsmuna að gæta, sbr. 2. gr.

Telji nefndin að aðild máls og úrlausnarefnið uppfylli skilyrði starfsreglna þessara tekur hún málið til meðferðar og tilkynnir öllum hlutaeigandi þegar í stað um þá ákvörðun sína, en ella vísar hún málinu frá.

Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls.

Um málsmeðferðina gilda stjórnisýslulög, nr. 37/1993, eftir því sem við á.

*Leyfi frá starfi.*

5. gr.

Varði úrlausnarefni meint agabrot prests, djákna eða annars starfsmanns þjóðkirkjunnar eða trúnaðarmanns skal úrskurðarnefndin, eftir að tekin hefur verið ákvörðun skv. 3. mgr. 4. gr., meta hvort rétt sé að nefndin leggi til að hlutaeigandi verði leystur frá störfum meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni.

*Frestir.*

6. gr.

Gagnaðila skal veittur frestur til þess að tjá sig skriflega um gögn þau og greinargerð sem málshefjandi hefur lagt fram. Frestur gagnaðila skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur, en veita má þó lengri frest þegar sérstaklega stendur á. Gefa skal aðilum kost á að leggja fram viðbótargreinargerðir eða athugasemdir og skal frestur til þess að jafnaði vera tvær vikur.

Nefndin getur krafði aðila um frekari gögn eða aflað þeirra.

Sinni málshefjandi ekki tilmælum nefndarinnar um framlagningu gagna er henni heimilt að vísa máli frá.

Ef gagnaðili sinnir ekki tilmælum nefndarinnar um skriflega umsögn eða framlagningu annarra gagna getur nefndin byggt úrlausn máls á á framlögðum gögnum og öðrum upplýsingum sem hún sjálf aflar um málið.

Úrskurðarnefnd getur kallað aðila fyrir sig til skýrslugjafar eða munnlegs málflutnings. Nefndinni er heimilt hvenær sem er við meðferð máls að leita sátta með aðilum.

#### *Gagnaöflun.*

##### 7. gr.

Nefndin skal í upphafi málsmeðferðar og einnig síðar, ef ástæða þykir til, ~~rita bréf og~~ óska eftir því að fá send tilgreind eða ótilgreind gögn sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik. Strax og slík gögn berast nefndinni skulu afrit þeirra afhent málsaðilum. Nefndin getur óskað eftir í bréfi þar sem óskað er afrits gagna samkvæmt þessari málsgrein að gögn, sem henni eru afhent í trúnaði, séu auðkennd sérstaklega.

Starfsmönnum og trúnaðarmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt sem ólaunuðum, er skylt að láta úrskurðarnefnd í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem hún telur nauðsynlegar vegna úrlausnar máls.

#### *Skýrslutaka.*

##### 8. gr.

Nefndin getur óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni sem tengjast úrlausnarefninu en gefa skal málsaðilum kost á að vera viðstaddir á slíkum fundum.

Slíkar skýrslur er heimilt að bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann veitir, eru skráðar.

##### 9. gr.

Nú neitar aðili að koma til viðtals hjá nefndinni eða neitar að afhenda skjal eða láta uppi efni þess og nefndin telur útilokað að útkljá málefni það, sem til meðferðar er, án þess að skýrsla þeirra eða upplýsingar um efni skjals liggi fyrir, er þá nefndinni heimilt, ef hún telur nauðsyn bera til, að afla sönnunargagna eftir því sem heimilt er skv. 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Sé grunur um refsiverða háttsemi getur nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á þeirri háttsemi.

### **III. kafli. Úrskurður.**

#### *Gagnaöflun lokið.*

##### 10. gr.

Þegar aðilar hafa skilað þeim greinargerðum og gögnum, sem þeir eiga kost á, og tjáð sig munnlega um málið, hafi það verið ákveðið, tekur úrskurðarnefndin málið til úrskurðar.

Nefndin fjallar um málið á fundum eins og þurfa þykir og til að komast að niðurstöðu.

Nefndin skal semja skriflegan og rökstuddan úrskurð um úrlausnarefnið.

*Úrskurður.*

11. gr.

Úrskurðarnefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan fjögurra vikna frá því að gagnaöflun er lokið. Dragist málsmeðferð fyrir nefndinni lengur en ákvæði þessi gera ráð fyrir skal sá dráttur skýrður í álitni nefndarinnar. Tilkynna skal málsaðilum um dráttinn.

Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls en sá sem er í minni hluta skilar séráliti.

Þegar úrskurðarnefnd hefur lokið samningu úrskurðar síns skal hún senda hann til málsaðila.

Úrskurðir úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar eru endanlegir og bindandi innan þjóðkirkjunnar.

*Úrræði úrskurðarnefndar.*

12. gr.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar getur lagt til eftirfarandi úrræði gagnvart prestum, djáknum og öðrum starfs- eða trúnaðarmönnum þjóðkirkjunnar vegna agabrota.

a. mælt fyrir um að veitt verði tiltal eða áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshegðun,

b. mælt fyrir um flutning í starfi,

c. mælt fyrir um að viðkomandi skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar.

*Framfylgd úrskurða.*

13. gr.

Vinnuveitandi skal framfylgja úrskurðum úrskurðarnefndar og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði starfs- eða trúnaðarmanna.

*Birting úrskurða.*

14. gr.

Úrskurði nefndarinnar skal birta á vef þjóðkirkjunnar. Heimilt er að undanskilja úrskurði birtingu ef sérstök vandkvæði eru á að tryggja persónuvernd.

**IV. kafli. Ýmis ákvæði.**

*Vernd persónuupplýsinga og þagnarskylda.*

15. gr.

Um vinnslu nefndarmanna, starfsmanna og ráðgjafa nefndarinnar á persónuupplýsingum fer samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram kemur í gögnum sem nefndinni eru látin í té og sem leynt á að fara. Sama gildir um þá sem hún kann að kveðja sér til aðstoðar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

*Kostnaður.*

16. gr.

Málsaðilar bera sjálfir kostnað sinn vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan greiðir kostnað af starfi úrskurðarnefndar auk þóknunar nefndarmanna. Heimilt er þó nefndinni að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnað af starfi nefndarinnar.

*Verklagsreglur.*

17. gr.

Úrskurðarnefnd er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem nánar verður kveðið á um störf nefndarinnar. Þær skulu staðfestar af kirkjuþingi.

*Gildistaka.*

18. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma falla brott starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd nr. 730/1998, með síðari breytingum.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Við gildistöku starfsreglna þessara skal málum, sem tekin hafa verið til efnismeðferðar eða ákvörðunar um frávísun hjá úrskurðar- eða áfrýjunarnefndum kirkjunnar lokið fyrir þeim nefndum.

*Greinargerð.*

Úrskurðar- og áfrýjunarnefndir þjóðkirkjunnar voru upphaflega settar á laggirnar með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, en lögin öðluðust gildi 1. janúar 1998.

Á kirkjuþingi 1998 voru settar starfsreglur um nefndir þessar og hafa þær verið í gildi síðan en þeim hefur þó nokkrum sinnum verið breytt á umliðnum árum. Í þjóðkirkjulögum nr. 77/2021 er ekki að finna ákvæði um nefndirnar en hins vegar segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

*Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.*

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkti starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið.

Starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar, nr. 730/1998, með síðari breytingum, eru þar á meðal.

Aukakirkjuþing 2021 kaus starfshóp – starfsreglunefnd - þriggja kirkjuþingsfulltrúa til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings. Starfsreglunefndin setti sér þau viðmið í byrjun að leitast yrði við að einfalda starfsreglusafn kirkjunnar og stytta starfsreglur þar sem því yrði við komið.

Starfsreglunefndin telur rétt að áfram verði boðið upp á þá leið innan þjóðkirkjunnar að leita megi úrlausnar sjálfstæðrar úrskurðarnefndar um ágreining á kirkjulegum vettvangi eða þegar starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um agabrot eða annað brot í starfi.

Hafa þarf í huga við samningu tillagna að nýjum starfsreglum um úrlausn ágreiningsmála á kirkjulegum vettvangi, að núgildandi starfsreglur um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd byggðu á ákvæðum laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Fjallað var í 12. gr. laganna um úrskurðarnefnd og í 13. gr. um áfrýjunarnefnd. Nú er engin ákvæði að finna í kirkjulöggjöf um nefndir af þessu tagi og verður því að draga eitthvað úr valdheimildum úrskurðarnefndar til gagnaöflunar og beitingar úrræða eftir atvikum, þar sem ekki er skýr lagastoð til þess eins og var áður.

Við samningu tillagna þessara hefur nokkur hliðsjón verið höfð af núgildandi regluverki en þó eru lagðar til nokkrar breytingar. Þær eru helstar að lagt er til að nefndin fjalli eingöngu um agabrot en ekki siðferðisbrot og að nefndin geti gripið til víðtækari úrræða en núverandi nefnd hefur. Þá er lagt til að áfrýjunarnefnd verði lögð niður. Reglurnar eru einfaldaðar nokkuð hvað varðar málsmeðferð, frá núgildandi reglum.

Ekki þykir þörf á að úrskurðarnefnd fjalli um siðferðisbrot þar sem í gildi eru siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingar á kirkjuþingum 2013 og 2018. Siðareglurnar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og starfsfólks í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana kirkjunnar auk annarra kjörinna fulltrúa og þeirra er valin hafa verið til trúnaðarstarfa. Þar er boðið upp á málsmeðferð fyrir hvern þann sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður þjóðkirkjunnar hafi brotið siðareglurnar.

Þá eru í gildi siðareglur Prestafélags Íslands og reglur um siðanefnd, sem samþykktar voru á aðalfundi Prestafélags Íslands, 24. apríl 2007.

Einnig eru til staðar almennar siðareglur starfsmanna ríkisins nr. 491/2013. Ná þær til þeirra presta sem enn eru með skipun til prestsembætta í skilningi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021.

Kirkjuþing hefur samþykkt starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar nr. 330/2019, sbr. starfsregl. nr. 1158/2020, sem fjalla um þá háttsemi sem heiti reglnanna tilgreinir. Sú háttsemi felur í sér siðferðisbrot og mæla reglurnar fyrir um úrræði í því sambandi.

Fjallað er um breytingar á úrræðum nefndarinnar í skýringum við 12. gr. tillögu þessarar.

Niðurlagning áfrýjunarnefndar hefur lengi verið til umræðu innan kirkjunnar. Þykir nægilegt að hafa eina úrskurðarnefnd sem ljúki málum innan þjóðkirkjunnar endanlega og styttir þetta einnig málsmeðferðartíma.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það meginhlutverk úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að úrskurða í málum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi innan þjóðkirkjunnar á Íslandi eða ef starfsmaður eða trúnaðarmaður hennar er borinn sökum um agabrot eða annað brot í starfi. Fellt er brott að nefndin fjalli um siðferðisbrot eins og kveðið var á um í brottföllnum þjóðkirkjulögum.

Í 2. mgr. kemur fram að úrskurðarnefndin fjalli ekki um málefni sem varði ráðningar og starfslok starfsfólks þjóðkirkjunnar. Í núgildandi reglum eru ráðningar til starfa ekki undanskildar valdsviði úrskurðarnefndar og er því hér um nýmæli að ræða.

Í 3. mgr. er hnykktt á því að úrskurðarnefndin skuli vera sjálfstæð í störfum sínum.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um hverjir geti borið mál undir úrskurðarnefnd og segir í ákvæðinu að hver sá sem hagsmuna eigi að gæta geti borið mál undir úrskurðarnefnd. Fallið er frá því að telja upp í dæmaskyni hina ýmsu aðila eins og nú er í 4. gr. gildandi starfsreglna, enda má telja það óþarft.

Um 3. gr.

Lagt er til að úrskurðarnefnd sé skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara til fjögurra ára í senn og skal einn nefndarmaður skipaður af biskupi Íslands og skuli sá vera formaður. Er þetta í samræmi við ákvæði 12. gr. eldri þjóðkirkjulaga. Þá skulu tveir nefndarmenn vera skulu kosnir af kirkjuþingi en fallið frá því að Prestastefna tilnefni einn og kirkjuþing einn eins og var í áður nefndum brottföllnum þjóðkirkjulögum. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki frekari skýringar.

Um 4. gr.

Hér er að finna ákvæði um upphaf málsmeðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Í 1. mgr. er að finna þau nýmæli að lagt er til að erindi til úrskurðarnefndar skuli berast nefndinni innan tveggja ára frá því að kostur var á að koma því á framfæri við nefndina er nefndin geti vikið frá ofangreindum tímafresti telji nefndin rök standa til þess.

2. mgr. tillagna þessara tekur mið af því að ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, gilda eftir því sem við á um málsmeðferðina, eins og segir í 6. mgr. ákvæðis þessa.

Í 3. mgr. kemur fram að berist úrskurðarnefndinni beiðni um úrlausn meti hún hvort úrlausnarefnið heyri undir hana og hvort málshefjandi eigi hagsmuna að gæta.

Í 4. mgr. segir að telji nefndin að aðild máls og úrlausnarefnið uppfylli skilyrði starfsreglnanna taki nefndin málið til meðferðar og tilkynni þá öllum hlutaðeigandi þegar í stað um þá ákvörðun sína, en ella vísar hún málinu frá.

5. mgr. er efnislega samhljóða nógildandi 1. másl. 1. mgr. 7. gr. starfsreglna um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er efnislega hið sama og nú er í 3. mgr. 6. gr. nógildandi starfsreglna og þarfnast ekki frekari skýringar

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er um fresti og framlagningu gagna er efnislega svipað og í 9. gr. og 10. gr. nógildandi starfsreglna og þarfnast ekki frekari skýringar.

Um 7. gr.

Í 1. mgr. kemur fram að nefndin skuli í upphafi málsmeðferðar og einnig síðar, þyki ástæða til óska eftir því að fá gögn sem kunni að vera til upplýsingar um málsatvik. Í þessu sambandi er lagt til að nefndin geti óskað þess að trúnaðargögn, sem kunna að verða afhent samkvæmt þessu ákvæði séu auðkennd sérstaklega.

Í 2. mgr. er lagt til það nýmæli að einvörðungu starfsmönnum og trúnaðarmönnum kirkjunnar, launuðum jafnt sem ólaunuðum, sé skylt að láta úrskurðarnefnd í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem nefndin telji nauðsynlegar vegna úrlausnar máls. Getur kirkjuping hefur ekki, án lagastoðar, mælt fyrir um skyldu annarra aðila en kirkjulegra, til afhendingar gagna. Er því lögð til breyting frá því sem segir í 12. gr. nógildandi starfsreglna. Þá raskar þetta ákvæði í engu þeim almennu heimildum sem greinir í upplýsingalögum nr. 140/2021, með síðari breytingum, um rétt til upplýsinga frá opinberum aðilum.

Um 8. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um það tilvik að neiti maður að koma til viðtals hjá nefndinni eða afhenda nauðsynleg gögn er nefndinni heimilt að afla gagna skv. 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Í því ákvæði kemur fram að ef hætta sé á að gögn, sem varða lögvarða hagsmuni aðila, fari forgörðum eða að það verði verulega erfiðara síðar að ná þeim gögnum, þá sé heimilt að leita sönnunar um atvikið fyrir dómi með vitnaleiðslu eða öflun skjals eða annars sýnilegs sönnunargagns þótt hann hafi ekki haft uppi kröfu í tengslum við atvikið í dómsmáli. Aðila sé með sama hætti heimilt að leita sönnunar fyrir dómi um atvik sem varði lögvarða hagsmuni hans og geti ráðið niðurstöðu um hvort hann láti verða af málshöfðun vegna þeirra. Þau skilyrði eru sett í ákvæðinu fyrir öflun slíkra gagna að aðili hafi annars vegar lögvarða hagsmuni af því að leita sönnunar og hins vegar að einhverju af



eftirtöldu sé fullnægt. Í fyrsta lagi að kostur fari forgörðum á að afla sönnunarinnar ef það er ekki gert strax. Í öðru lagi að gagnaöflunin verði verulega erfiðari ef dráttur verður á henni. Í þriðja lagi að sönnunarfærslan geti ráðið niðurstöðu um hvort aðilinn láti verða af málshöfðun vegna viðkomandi atvika.

Í 2. mgr. er fjallað um það tilvik að ef grunur er um refsiverða háttsemi geti nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á málinu.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Hér er kveðið á um að nefndin kveði upp úrskurð og er það í samræmi við 1. mgr. 9. gr. stjórnslulaga þar sem segir að ákvarðanir í málum skuli teknar svo fljótt sem unnt er. Þá er lagt til að kveðið verði á um að það skuli að jafnaði gert innan fjögurra vikna nema sérstakar ástæður hamli. Sérstakar ástæður gætu t.d. verið vegna tafa við gagnaöflun eða öflun umsagna eða vegna umfangs máls eða mikils málafjölda. Tilkynna skal málsaðilum um dráttinn.

Í lokamálsgrein er tilgreint að úrskurðir nefndarinnar séu endanlegir og bindandi innan þjóðkirkjunnar. Sambærilegt ákvæði var að finna í 13. gr. eldri þjóðkirkjulaga um áfrýjunarnefnd. Svo sem almennt á við er unnt að leita til dómstóla vegna úrskurða nefndarinnar.

Um 12. gr.

Lagt er til að skerpt verði á úrræðum nefndarinnar frá því sem er í gildandi starfsreglum um nefndina. Er því lagt til að í stað þess að nefndin *leggi til* í sumum tilvikum ákveðin úrræði verði kveðið á um að hún *mælist til* í öllum tilvikum að þeim úrræðum, sem hún ákveður að beita, verði framfylgt.

Að öðru leyti er greinin skýr og þarfnast því ekki skýringar.

Um 13. gr.

Lagt er til að vinnuveitandi skuli framfylgja úrskurðum úrskurðarnefndar og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði starfs- eða trúnaðarmanna.

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu til að birta úrskurði á vef þjóðkirkjunnar, eins og verið hefur í framkvæmd og er ákvæðið í samræmi við ákvæði laga um ýmsar úrskurðarnefndir.

Lagt er til að úrskurðir skulu birtir án nafna, kennitalna og annarra persónugreinanlegra auðkenna. Svo hefur tíðkast undanfarin ár. Heimilt er að undanskilja úrskurði birtingu ef sérstök vandkvæði eru á að tryggja persónuvernd.

Um 15. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild úrskurðarnefndar til að setja sér verklagsreglur. Þar gætu t.d. verið nánari ákvæði um á hvaða formi erindi til nefndarinnar skuli vera, hvaða úrskurði skuli birta o. s. frv. Rétt þykir að slíkar reglur séu staðfestar af kirkjuþingi.

Um 18. gr.

Lagt er til að starfsreglurnar taki gildi við birtingu. Núverandi úrskurðarnefnd er skipuð frá 1. desember 2018 - 30. nóvember 2022. Verður því að kjósa nýja úrskurðarnefnd á haustfundi kirkjuþing 2022 -2023, sem verði skipuð frá 1. desember 2022 – 30. nóvember 2026.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sé um það að ræða að mál hafi verið tekin til efnismeðferðar eða ákvörðunar um frávísun hjá úrskurðar- eða áfrýjunarnefndum kirkjunnar, áður en starfsreglur þessar öðlast gildi, skal þeim málum lokið fyrir þeim nefndum.